

Nd.

393. Tillaga

til þingsályktunar um innlenda sútunar- og skófatnaðarverksmiðju.

Flm.: Pétur Ottesen, Tryggvi Þórhallsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta rannsaka, hvað kosta mundi að koma á fót:
 - a. Sútunarverksmiðju til sútunar á hverskonar innlendum skinnnum, er aðallega séu ætluð til notkunar hér á landi.
 - b. Verksmiðju til að vinna úr slíkum skinnnum skófatnað til innlendrar notkunar.
2. Að leita síðan fyrir sér um stofnun félaga, eins eða tveggja, til þess að setja slíkar verksmiðjur á stofn og reka þær með stuðningi ríkisins, ef eigi fæst til þess á annan hátt nægilegt fjármagn.

Er þess vænt, að stjórnin hraði rannsókn þeirri, er í 1. lið a—b getur, svo sem frekast er unnt, og er henni heimilt að verja til þess fé úr ríkissjóði. Ef ekki tekst stofnun félags eða félaga samkv. 2. lið, til þess að koma á fót og starfrækja verksmiðjurnar án stuðnings frá ríkinu, er skorað á stjórnina að leggja tillögur sínar í málinu fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Í mörgu er oss áfátt um hagnýtingu innlendra hráefna, en í fáu eða engu þó eins og um not þeirrar skinnavöru, er til fellur í landinu, hvort heldur lítið er á innanlandsþarfir eða hitt, að gera þá vöru verðmætari á erlendum markaði en nú er. Það sýnir hezt, hve mikils vér sjálfir þurfum við af þeirri vöru, til skófatnaðar, reiðtýgja, aktýgja, bókbands o. fl. o. fl., að vér flytjum inn á ári hverju leðurvörur fyrir um 2 milljónir króna, og auk þess skófatnað úr gúmmi fyrir 750 þús. kr. Í landinu er framleitt miklu meira en nóg af skinnnum til þess að fullnægja þessum þörfum öllum, en hinsvegar engin sútunarverksmiðja til í landinu, er unnið geti úr vörunni. Að vísu hafa fácinir menn eða félög fengizt

við loðskinnasútun og nokkuð er gert að því á síðustu árum að rota sauðskinn til útflutnings, en um vinnslu úr stórgripaskinnnum hefir ekki verið að ræða. nema litilsháttar vísi síðustu árin hjá S. Í. S. á Akureyri, í samhandi við gærurotun.

Það má öllum vera ljóst, hvílikt fjárhagsatriði og atvinnubót yrði að því að koma á fót slíkum iðnaði í landinu sem skinnasútun er, þó ekki væri lengra gengið en að fullnægja þörfum landsmanna í því efni. Það, sem ekki sízt knýr á um framkvæmdir, er annarsvegjar sú staðreynd, að skinnin mega heita gersamlega verðlaus á erlendum markaði í því ástandi, sem þau eru flutt út, og hinsvegjar þörf fyrir aukna atvinnu, auk þess sem verðfallið heimtar það, að sparaður sé svo sem unnt er erlendir gjaldeyrir.

Sláturfélag Suðurlands lét á árinu 1923 rannsaka, hvað kosta mundi að setja á stofn sítunarverksmiðju, er unnið gæti úr 90 þús. sauðskinnnum, en það er um $\frac{1}{4}$ hluti þess, sem út er flutt af þeirri vöru á ári hverju, og auk þess úr þeim hrosshám og þeim öðrum stórgripaskinnnum, er til féllu. Var gert ráð fyrir, að sá kostnaður yrði, með því verðlagi sem þá var, um 260 þús. kr.

Ætlazt var til þess, að verksmiðjan ynni úr skinnunum á fjölbreyttan hátt, eftir því sem markaðurinn, bæði utanlands og innan, krefðist, svo sem að þar yrðu:

Hvítsútuð loðskinn,

grænsútuð skinn, sem notuð eru í allskonar skófatnað, á húsgögn og til fatnaðar og fódurs,

rauðsútuð skinn, sem notuð eru til bókhands og í ýmsa muni, svo sem tösukur, pyngjur, veski o. þ. h. og til söðlasmiða, og

lýsissútuð þvottaskinn, sem notuð eru til fatnaðar, umbúða og fágunar, auk **vatnsleðurs** o. fl. úr stórgripahúðunum.

Sláturfélagið leitaði til þingsins um stuðning. og tók þingið málinu vel, en úr framkvæmdum varð þó ekki, enda var um þær mundir hátt verð erlendis á gærum.

Með tillögu þessari er stefnt að því, að hafizt verði þegar handa um nauðsynlegan undirbúning til þess að hrinda þessu mikla þjóðþrifamáli í framkvæmd.

Fyrri liður tillögunnar miðar að því, að stjórnin láti fram fara rannsókn á því, hvað kosta mundi að koma hér upp:

a) Sítunarverksmiðju, er fyrst og fremst geti fullnægt þeirri vinnslu úr skinnunum, sem landsmenn þurfa sjálfir á að halda, og vér sparað oss með því að mestu leyti innflutning á skófatnaði og öðrum vörum, sem unnar eru eða vinna má úr skinni, og auk þess, að verksmiðjan vinni úr gærum og öðrum skinnnum til útflutnings, eftir því sem henta þykir og markaður gerir æskilegt.

b) Skófatnaðarverksmiðju, er geri oss það kleift að hagnýta skinnavöruna, eftir því sem við verður komið og þörf er á, til eigin notkunar.

Í síðari lið tillögunnar er gert ráð fyrir, að stjórnin beiti sér fyrir stofnun félags eða félaga til þess að koma verksmiðjunum á fót og reka þær, með því að leita hófanna um þátttöku í annan stað t. d., ef verksmiðjunni yrði skipt í tvennt og um tvö félög yrði að ræða, hjá Sambandi isl. samvinnufélaga, Sláturfélagi Suðurlands og þeim öðrum félögum og einstaklingum, er við skinnaverzlun fást,

að því er kemur til sítunarverksmiðju, og um hluttöku í skófatagerðinni t. d. hjá ýmsum þeim verzlunum og félögum, er skófatnað selja, en til hvorratveggja aðilja, sem nefndir voru, ef tiltækilegt þætti, að eitt og sama félag hæri uppi þessar framkvæmdir. Auk þess gæti og stjórnin borið niður hjá þeim öðrum, er líklegir væru til þess að hafa áhuga á þessum málum og leggja vildu fram fé í þeim efnum.

Loks er í tillögunni að því vikið, hvernig með málið skuli farið, ef ekki tekst stofnun félags eða félaga án stuðnings frá ríkinu.